

## Fundargerð

**257. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**  
Þriðjudaginn 2. október 2018 kl. 12<sup>15</sup> – 13<sup>30</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Úrvinnslusjóður
- (3) Heyrúlluplast
- (4) Plastumbúðir
- (5) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([256. fundar](#)).

*Samþykkt*

### 2. Úrvinnslusjóður

ÓK fór yfir vinnu við gerð ársreiknings Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2017 og önnur mál sem tengjast fjármálum sjóðsins. Stjórnarmenn ræddu stöðuna. GGÞ telur hættu á að það getið skorist í odda á milli Úrvinnslusjóðs og Fjársýslu ríkisins um framsetningu ársreiknings og biður aðra stjórnarmenn að upplýsa sína umþjóðendur um stöðuna. Erfitt er að halda ársfund Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2017 vegna stöðu mála.

### 3. Heyrúlluplast

Lagt var fram á fundinum erindi frá Pure North Recycling um að fá stöðu þjónustuaðila hjá Úrvinnslusjóði í stað ráðstöfunaraðila líkt og gerð var tillaga um í meðfylgjandi bréfi sjóðsins til PNR fyrr á árinu. Þetta þýðir að PNR kaupir heyrúlluplast af söfnunaraðilum vinnur það og fær greitt frá Úrvinnslusjóði þegar staðfesting á sölu á endurvinnsluefnini liggur fyrir. ÓK ræddi það hvort að það þyrfti utanaðkomandi aðila til að meta magn sem er á starfsstöð PNR og finna út hlutfall óhreininda og vatns í því heyrúlluplasti sem kemur til vinnslu.

Stjórn fór yfir og ræddi erindi PNR.

LÓ yfirlagfund 13:15

*B* *Gef*  
*El* *G*

*Stjórn samþykkir að fela ÓK að fá utanaðkomandi aðila til að meta birgðastöðu og framleiðslugetu PNR.*

GGÞ leggur til að stjórn heimsæki starfstöð PNR og skoði framleiðsluna og nýti til þess næsta stjórnafund.

*Samþykkt*

#### **4. Plastumbúðir**

Stöðu á flokkun og endurvinnslu á blönduðu plastumbúðum frá heimilum.

*Frestað*

#### **5. Önnur mál**

Lögð var fram á fundinum umfjöllun í Morgunblaðinu 1.10.18 um drifrafgeyma í ökutækjum.

*Frestað.*

Næsti fundur ákveðinn 16. október 2018.

Fundi slitið kl. 13.30

*Breyður Connellanar  
Lidfolk E. Guðlaugs -  
Breyður Skulður  
Guðrún. S. Þórssímon*